

og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 auk vaxta á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Ásmundi Sigurjónssyni, kr. 23.082.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.100.78 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnaði og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 ásamt vöxtum á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1967.

Nr. 18/1966. **Jódís Björgvinsdóttir** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Sigurði Jóhannssyni
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Toríason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur hún fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 620.046.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti, krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum áfrýjanda og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Hinn 17. og 18. febrúar 1967 fór fram vitnaleiðsla á bæjarþingi Reykjavíkur að tilhlutan Hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ók stjórnandi R 10402, Jóhann Jónsson, vestur Laugaveg skömmu fyrir kl. 0200 hinn 23. september 1962. Umferðarljós eru á gatnamótum Laugavegar og Skólavörðustígs og einnig á gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Skiptast ljósin rautt—gult—grænt samtímis á hvorum tveggja þessara gatnamóta. Þá er stjórnandi R 10402 nálgast gatnamót Laugavegar og Skólavörðustígs, breyttist, að hans sögn, gult ljós þar á vitanum í grænt. Kveðst hann því hafa haldið sömu ferð og áður, þ. e. um 30 til 35 km hraða, yfir gatnamótin og niður yfir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, en þá sá hann „allt í einu tvær konur, sem komu hlaupandi frá hægri, frá“ honum „séð, í stefnu þvert fram fyrir bílinn. Voru konurnar fast við bílinn, er“ hann „kom auga á þær“. Hann snarhemlaði og beygði til vinstri um leið. Áfrýjandi, sem var önnur þessara kvenna, varð undir bílnum og hlaut af fullkomin andleg örku, svo sem í héraðsdómi greinir. Vitnið Óskar Guðnason ók bíl sínum, R 11595, vestur Laugaveg á sama tíma sem ökumaður R 10402. Hann sá gult ljós breytast í grænt á götuvita Laugavegar og Skólavörðustígs, rétt áður en bílarnir komu að þeim. Síðan óku R 10402 og R 11595 nokkurn veginn samhliða niður undir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, á um 25 til 30 km hraða, að ætlan Óskars Guðnasonar. Þá er Óskar nálgast Ingólfsstræti var á undan honum á hægri akrein Dodge-fólksbifreið, sem ók hægt, og varð Óskar því að draga úr ferð sinni. Kveður Óskar, að R 10402 og Dodge-bílinn hafi ekið samhliða vestur af gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Segist Óskar þá hafa horft aftan á Dodge-bílinn og telur „algerlega útilokað, að vegfarendur hafi gengið á milli bifreiðar“ hans „og Dodge-

bifreiðarinnar, áður en slysið varð“. „Er Dodge-bíllinn var kominn yfir gangbrautina neðan við Ingólfsstrætið“ og Óskar „var að komast að henni, sá“ hann „allt í einu konu hendast upp á götuna fyrir framan“ hann, „en þó á vinstri akrein“. Farþegi í Dodge-bílnum, Sigurður Ingi Tómasson, bar fyrir uppsögu héraðsdóms, að hann hafi veitt athygli konu, sem komið hafi áleiðis suður yfir Bankastræti fyrir aftan Dodge-bíllinn. Þessi framhurður fer alveg í bága við vætti Óskars Guðnasonar. Fyrir dómi bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1967 hefur vitnið Sigurður Ingi Tómasson nú borið, að hann „hafi veitt konu athygli fyrir utan Málarann, sem það hafi talið vera aðra konuna, sem lenti í slysinu, og telur hana hafa farið aftan við bifreiðina, sem það var í, án þess það hafi séð það.“

Oddný Eyleifsdóttir húsfreyja er önnur kvenna þeirra, sem varð fyrir R 10402. Hún kveður þær áfrýjanda hafa gengið út á Bankastræti gegnt grænu ljósi og hafi þær verið komnar vel yfir miðja götuna, þegar gult ljós kom á götuvatann á móti þeim. Á sömu stundu kveðst hún hafa séð bifreið koma á mikilli ferð yfir gatnamótin á syðri akrein og stefna á þær og hafi slysið orðið næstum á sömu stundu sem hún kom auga á bifreiðina.

Vitnið Ásta Björnsdóttir, sem borið hefur vætti af nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. febrúar 1967, skýrir svo frá, að hún og vitnið Guðborg Sigurgeirsdóttir hafi staðið á horninu hjá J. Þorláksson & Norðmann, þegar hún varð vör við bifreið þá, sem konurnar urðu fyrir, „en þegar slysið varð, hafi þær verið, að því er vitnið minnir, komnar yfir Ingólfsstræti.“ Ásta sá konurnar ganga út af nyrðri gangstétt Bankastrætis sem næst frá verzluninni Regnboganum. Virtist henni þær ganga skáhallt upp á móti brekkunni á leið suður yfir Bankastræti. Þá er konurnar voru komnar á suðurhelming þess, kveðst Ásta hafa séð bifreið á leið niður Bankastræti á syðri hluta þess. Hafi bifreiðin ekki ekið hratt. Stefndu konurnar skáhallt að henni. Var bifreiðinni þá allt í einu snögghemlað. Ásta tók eftir bifreið, sem stöðvaði nokkru fyrir neðan þær Guðborgu Sigurgeirsdóttur í

Bankastræti. Kveðst vitnið Ásta álita, „að konurnar hafi verið komnar út á miðja götuna, þegar sú bifreið fór fram hjá þeim.“ Styður vætti Ástu um þetta efni vætti Óskars Guðnasonar, það, sem áður var rakið.

Geir Sigurðsson, bifreiðarstjóri á R 6377, Dodge-bifreiðinni, skýrði svo frá við lögreglurannsókn, að hann hafi ekið niður Skólavörðustíg og hafi orðið að stöðva við götuljósinn við gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, en ekið af stað yfir þau gatnamót, þá er græna ljósið kom. Hann telur, að hann hafi ekki verið kominn niður fyrir Ingólfsstræti, er hann heyrði kvenmann hrópa: „Varaðu þig á bílnum.“ Hann sá ekki konuna, sem hrópaði, og heyrði ekki meira, hvorki óp né hemlahljóð. Hann stöðvaði bíl sinn við óp kvenmannsins, fór út úr bíl sínum og sá, að kona lá skammt aftan við bílinn, sem sýndur er á uppdrætti, og önnur kona lá undir bílnum. Honum heyrðist óp konunnar vera aftan við bíl sinn. Bendir sá framburður Geirs Sigurðssonar, að hann hafi ekið yfir Ingólfsstræti, þegar er græna ljósið kom, og ekki verið kominn yfir það, þá er hann heyrði ópið, borinn saman við vætti Ástu Björnsdóttur og Óskars Guðnasonar um, að konurnar hafi alls eigi gengið aftan við Dodge-bifreiðina, sem Geir ók, til þess, að konurnar hafi gengið út á Bankastræti gegnt grænu ljósi. Nú segir Geir Sigurðsson að visu, að útilokað sé, að konurnar hafi gengið yfir Bankastræti framan við bíl hans, en þar sem telja má sannað, að þær hafi eigi gengið bak við bíl hans, verður að ætla, að þær hafi verið komnar suður yfir akrein Geirs, þá er hann leit niður eftir Bankastræti.

Stefndi ber samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 hlutlæga ábyrgð á ökutæki því, R 10402, sem áfrýjandi varð fyrir. Ökumaður R 10402 ók yfir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis í myrkri, roki og rigningu og varð áfrýjanda, sem var á leið suður yfir Bankastræti, eigi var, fyrr en hún var alveg framundan bifreið hans. Var þetta mikil ógætni af hans hendi, enda mátti hann eigi vera öruggur um, að gatan væri orðin mannlaus eftir ljósaskiptin. Miða verður hins vegar við, að áfrýjandi hafi farið út á Bankastræti

gegnt grænu ljósi fyrir neðan gangbrautina og gengið skáhallt upp á móti suður yfir strætið, unz hún varð fyrir nefndri bifreið syðst á því. En þá er litið er til alls aðdraganda slyssins, ógætni ökumanns R 10402 og hinnar hlutlægu ábyrgðar bifreiðareiganda, þykir gáleysi áfrýjanda eigi vera svo mikið, að það eigi að valda niðurfærslu á bótakröfu hennar, sbr. 67. gr. i.f. laga nr. 26/1958.

Áfrýjandi er 100% varanlegur öryrki.

Verða nú kröfuliðir áfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð sem í héraðsdómi.

1. Umboðsmaður áfrýjanda hefur lagt til grundvallar stefnukröfunni örorkutjónsreikning Þóris Bergssonar tryggingafræðings 23. apríl 1963. Samkvæmt því nemur verðmæti vinnutekjutjónsins kr. 791.271.00 á slysdegi. Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað verðmæti örorkulífeyris þess, sem áfrýjanda var ákveðinn frá Tryggingastofnun ríkisins hinn 23. apríl 1963. Nemur hann kr. 250.467.00 og dregst frá. En reikning örorkutjóns og örorkulífeyris verður að miða við sama dag. Þegar tekið er tillit til skattfrelsis af tjónbótum, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 450.000.00
2. Útreikningur örorkutjóns í héraði nemur — 1.200.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum ákveðast — 250.000.00

Samtals kr. 701.200.00

Hér frá dregst greitt váttryggingarfé . . . — 472.425.00

Niðurstaða kr. 2328.775.00

Ber að dæma stefnda til að greiða þessa fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti er látinn falla niður.

Málflutningslaun talsmanna málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00 til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jódísi Björgvinsdóttur, kr. 228.775.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úr ríkissjóði greiðast málflutningslaun talsmanna aðilja, Páls S. Pálssonar og Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 45.000.00 til hvors.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. nóvember 1965, hefur stefnandi, Jódís Björgvinsdóttir, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, að fengnu gjafsóknarleyfi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu gegn stefnda, Sigurði Jóhannssyni, Ásvallagötu 35, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.092.471.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. sept. 1962 til greiðsludags. Enn fremur krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Til ýtrustu vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sátta hefur verið leitað, en árangurslaust. Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 1964, en stefndi með bréfi, dags. 2. apríl 1965. Þann 27. nóvember var málið endurupptekið og lagður fram nýr örorkuútreikningur. Málið var síðan flutt og tekið til dóms sama dag, og gera aðiljar sömu kröfur og áður.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 23. september 1962 kl. 0200 var tilkynnt á lögreglustöðina, að skömmu áður hefði orðið slys í Bankastræti á móts við húsið nr. 10. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að leigubifreiðin R 10402 kom niður Bankastræti á vinstri akrein. Þegar hún var komin yfir gatnamót nefndrar götu og Ingólfsstrætis, höfðu þær stefnandi, Jódís Björgvinsdóttir, Bergstaða-

stræti 54, og Oddný Eyleifsdóttir, Baldursgötu 25 B hér í borg, komið yfir götuna frá á móts við verzlunina Málaramn. Skipti engum togum, að þær urðu báðar fyrir bifreiðinni. Jódís, sem hafði aðeins verið á undan, lenti framan á bifreiðinni og varð undir henni. Dróst hún svo nokkra metra með bifreiðinni, unz bifreiðin nam staðar. Oddný hafði lent á hægri hlið bifreiðarinnar fremst, kastast frá henni og fallið á götuna. Þegar lögreglan kom á staðinn, lá stefnandi föst undir bifreiðinni, en Oddný lá nokkra metra fyrir aftan bifreiðina.

Báðar voru þær stefnandi og Oddný fluttar á slysavarðstofuna. Var þar gert að meiðslum Oddnýjar, en stefnandi var flutt á Landspítalann, enda var hún alvarlega slösuð, eins og síðar mun rakið.

Samkvæmt uppdrætti er akbraut Bankastrætis, þar sem slysið varð, um $8\frac{1}{2}$ metra á breidd. Liggur afmörkuð gangbraut yfir akbrautina rétt fyrir neðan gatnamótin, rúmir $2\frac{1}{2}$ metri á breidd. Bifreiðin R 10402 stóð upp við gangstéttarbrún á vinstri akrein, og voru um 10 metrar frá afturenda hennar að gatnamótunum. Bifreiðin var næstum bein fyrir á götunni, en sneri þó aðeins til hægri inn á akbrautina. Um það bil einum metra fyrir framan bifreiðina var blóðpollur á götunni, og hafði stefnandi legið þar, en eins og síðar mun rakið, hafði bifreiðinni verið lyft upp að framan og ýtt aftur á bak um 1 metra ofan af henni. Um tvo metra aftur af bifreiðinni hægra megin lá stefnandi (sic) í götunni og á móts við hana upp við gangstéttarbrún slæða. Frá götubrunninum á miðjum gatnamótunum niður í Bankastræti var hemlafar um 11 metrar á lengd, er talið var, að gæti verið eftir bifreiðina. Þá var hægt að merkja ógreinileg hemlaför aftur af framhjólum bifreiðarinnar um 1 metra á lengd. Á umræddum gatnamótum eru umferðarljós.

Þegar slysið varð, var myrkur, rigning og færi því blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malbikað. Raflýsing á götunni var góð að sögn lögreglunnar.

Bifreiðin R 10402 var Volga-fólksbifreið af árgerð 1958 með vinstri hliðar stýri og vökvahemlaútbúnaði. Bifreiðaeftirlitsmaður reyndi hana í akstri rétt eftir slysið, bæði á slysstaðnum og nálægum götum. Reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar í fullkomnu lagi. Þegar bifreiðinni var ekið á 40 km hraða og hemlað, voru hemlaförin aftur af henni 8 metrar. Í vottorði bifreiðaeftirlitsins segir og, að gatan hafi verið blaut og rúður bifreiðarinnar óhreinar.

Ökumaður stefnda hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að aka bifreiðinni R 10402 umrædda nótt. Milli kl. 0100 og 0200 fór hann að Grænuhlíð 10 til að sækja farþega. Tók hann þarna í bifreiðina þrjár stúlkur og ók þeim niður í borgina. Fór ein stúlkann úr bifreiðinni við gatnamót Baldursgötu og Lokastígs og önnur á Veghúsastíg. Þriðja stúlkann var á leið vestur í Sörlaskjól, og var hann á leið þangað, þegar slysið varð. Hann ók af Veghúsastíg upp á Vatnsstíg og beygði svo vestur Laugaveg. Bifreiðarstjórinn var ekkert að flýta sér og ók rólega. Telur hann sig ekki hafa ekið á meira en 30—35 km hraða á leið sinni vestur Laugaveg. Þegar að Klapparstíg kom, þurfti hann að nema staðar og bíða eftir grænu ljósi, en þegar það kom, ók hann áfram. Þegar hann átti nokkra metra ófarna að gatnamótum Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis, var gult ljós á götuvitanum á móti honum, en þegar hann kom að gatnamótunum, var grænt ljósmerki komið á götuvitann. Ók hann nú áfram rakleitt með svipuðum hraða og að framan greinir. Ökumaður stefnda heldur því fram, að hann hafi aðeins dregið úr ferðinni, á meðan gula ljósið var á götuvitanum. Þegar hann kom niður að gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis, var grænt ljós á götuvitanum á móti honum. Ók hann með svipuðum hraða yfir gatnamótin og áður greinir, enda sá hann enga hindrun framundan. Hann var kominn yfir gangbrautina hinum megin við gatnamótin, þegar hann sá allt í einu tvær konur koma hlaupandi áleiðis suður yfir götuna úr áttinni frá verzluninni Málaranum. Stefndu þær þvert fyrir bifreiðina, og gat hann ekki séð, að þær tækju eftir henni. Konurnar voru rétt fyrir framan bifreiðina, þegar hann kom auga á þær. Hann hemlaði þegar í stað og sveigði til vinstri frá konunum, en á sama andartaki urðu þær fyrir bifreiðinni. Önnur konan var aðeins á undan, og komst hún fram fyrir bifreiðina. Hvarf hún honum sjónum fyrir framan bifreiðina og lenti undir henni. Ekkert varð hann var við það, að hjól bifreiðarinnar snertu konuna. Konan, sem var aðeins á eftir, lenti fremst á hægri framaurhlíf bifreiðarinnar og kastaðist frá bifreiðinni út á götuna. Kveður hann hana raunverulega hafa hlaupið á bifreiðina.

Ökumaður stefnda ók á vinstri götuhelmingi mjög nærri gangstéttarbrúninni, og um leið og hann beygði til vinstri, lenti vinstra framhjól utan í gangstéttarbrúninni. Hann kveðst hafa beitt fullu átaki á fóthemla, sem voru í fyllsta lagi. Stöðvaðist bifreiðin

fljótt, að sögn hans, miðað við þær aðstæður, að hann ók niður brekku og gatan var blaut.

Ökumaður stefnda telur, að slysið hafi orðið, þar sem Oddný Eyleifsdóttir lá í götunni að slysinu afstöðnu, eins og að framan hefur verið skýrt frá. Kveður hann því bifreiðina hafa runnið í hemlum frá þeim stað. Strax eftir að bifreiðin hafði stöðvazt, kvaddi hann lögreglu og sjúkralið á vettvang í gegnum talstöð bifreiðarinnar. Að því búnu fór hann út úr bifreiðinni.

Hann kveður konu þá, sem kastazt hafði inn á götuna frá bifreiðinni, hafa legið um það bil á miðri götunni eða á mótum akreinanna. Hún lá langsum á grúfu með höfuðið upp á móti brekkunni. Hin konan var að mestu undir bifreiðinni nokkurn veginn miðri. Hún lá á bakinu langsum, og sneri höfuð hennar undan brekkunni. Nam höfuð konunnar á móts við miðjan framvara bifreiðarinnar.

Ökumaður stefnda fékk menn, sem komu á slysstaðinn, til að lyfta bifreiðinni upp að framan og ýta henni aftur á bak ofan af konunni. Við það breyttist afstaða bifreiðarinnar, þannig að hún færðist frá gangstéttinni að framan, en að henni að aftan. Á meðan verið var að þessu, kom lögreglan á vettvang og sjúkra-bifreið rétt á eftir. Konan var meðvitundarlaus, og blæddi úr höfði hennar. Hann telur, að bifreiðin hafi að einhverju leyti hvílt ofan á konunni.

Þegar slysið varð, var myrkur, mikil rigning og skyggni því mjög slæmt. Þurrkur voru í gangi á báðum framrúðum. Hliðar-rúður voru blautar, og sást illa út um þær. Móða var ekki innan á þeim, svo að teljandi væri. Rúður bifreiðarinnar voru hreinar.

Ökumaður stefnda kveðst hafa verið vel fyrirkallaður og haft óskipta athygli við aksturinn og ekkert truflað sig. Hann telur sig ekki hafa haft neina möguleika á að forða slysinu, þar sem konurnar voru svo að segja alveg við bifreiðina, þegar hann kom auga á þær.

Hann mótmælti því, er í vottorði bifreiðaeftirlitsins greinir, að rúður bifreiðarinnar R 10402 hafi verið óhreinar. Þá mótmælti hann því algerlega, að hemlafarið á gatnamótunum, er að framan er minnst á, sé eftir bifreiðina R 10402. Benti hann á það máli sínu til stuðnings, að hemlafarið hljóti að vera annað hvort eftir hægra aftur- eða framhjól bifreiðar og væri það eftir bifreiðina R 10402, gæti ekki annað verið en förin eftir vinstri hjól væru uppi á gangstéttarbrún, en það fái engan veginn staðitz.

Hann kveðst hafa verið búinn að stilla hemla bifreiðarinnar, 1—2 dögum áður en slysið varð, og hafi þeir verið í fullkomnu lagi.

Vitnið Freyja Jónsdóttir afgreiðslustúlka, Miklubraut 86, var farþegi í bifreiðinni R 10402, þegar umrætt slys átti sér stað. Vitnið sat í aftursæti bifreiðarinnar fyrir miðju að það minnir. Vitnið hafði komið í bifreiðina við húsið Grænuhlíð 10 ásamt tveimur vinstúlkum sínum. Fóru þær í bifreiðinni niður í bæ. Fór önnur stúlkan úr bifreiðinni á Lokastíg, en hin á Veghúsastíg. Bifreiðarstjórinn ætlaði að því búnu að aka vitninu að Sörlaskjóli 6. Ók hann upp Vatnsstíg og síðan niður Laugaveg og Bankastræti. Vitninu fannst bifreiðarstjórinn aka á hóflegri ferð og með svipuðum hraða og leigubifreiðum er yfirleitt ekið á. Vitnið fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar og getur því ekki sagt um hraðann nákvæmlega. Vitnið man greinilega, að bifreiðarstjórinn þurfti að nema staðar á gatnamótum Klapparstígs og Laugavegar vegna umferðarljósanna, en hvort hann nam staðar við umferðarljósinn á gatnamótum Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis og þar á eftir við Bankastræti og Ingólfsstræti, kveðst það ekki geta sagt um fyrir víst.

Vitnið kveðst ekki hafa séð til ferða kvenna þeirra, sem urðu fyrir bifreiðinni við húsið Bankastræti 10, fyrr en þær birtust allt í einu fyrir framan hægra framhorn bifreiðarinnar. Konurnar birtust skyndilega fyrir framan bifreiðina, og fannst vitninu því líklegt, að þær hafi verið hlaupandi, enda þótt það geti ekki um það fullyrt. Snarhemlaði bifreiðarstjórinn þarna, og samtímis virtist vitninu konurnar verða fyrir framenda bifreiðarinnar. Önnur konan kastaðist frá bifreiðinni til hægri, frá vitninu séð, út fyrir hlið bifreiðarinnar, en hin hvarf því sjónum fyrir framan bifreiðina. Vitnið fann engin merki þess, að hjól bifreiðarinnar færu yfir konuna.

Vitninu fannst bifreiðin stöðvast fljótt, eftir að bifreiðarstjórinn hemlaði.

Þegar ökumaðurinn hafði kvatt lögreglu og sjúkralið á vettvang, fóru hann og vitnið út úr bifreiðinni. Vitnið skýrði frá því, að konurnar hefðu legið í götunni, eins og að framan er rakið.

Skyggni var mjög slæmt, að sögn vitnisins, vegna myrkurs og rigningar. Hliðarrúður bifreiðarinnar voru blautar. Þurrkur voru í gangi á báðum framrúðum.

Vitnið kveður bifreiðarstjóran hafa horft fram fyrir sig, og tók það ekki eftir öðru en hann hefði óskipta athygli við aksturinn.

Vitnið Oddný Eyleifsdóttir húsfrú, Baldursgötu 25 B, hefur skýrt frá því fyrir sakadómi, að það hafi verið að koma af dansleik í Ingólfscafé ásamt stefnanda, þegar umrætt slys varð. Gengu þær eftir vestari gangstétt Ingólfsstrætis upp á gatnamót Bankastrætis. Þegar þangað kom, kveður vitnið þær hafa gáð að ljósmerkjum á götuvitanum hinum megin gatnamótanna. Vitnið kveðst hafa séð, að götuvatinn á móti þeim sunnan Bankastrætis sýndi grænt ljós. Það kveðst einnig hafa litið upp eftir Bankastræti og ekki muna betur en bifreiðar, sem voru á leið vestur götuna, biðu við gatnamótin. Vitnið kveður þær stefnanda hafa haldið út á götuna og gengið eftir gangbraut áleiðis suður yfir hana. Umrædda nótt var hvassviðri, en ekki mikil rigning. Vitnið kveður veðrið ekki hafa verið þeim neitt til trafala á leið þeirra áleiðis yfir götuna. Vitnið staðhæfir, að þær hafi hvorki gengið hratt né hlaupið. Þær gengu samhliða og leiddust. Stefnandi var vinstra megin við vitnið. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við neina bifreið, sem væri á leið niður Bankastræti yfir gatnamótin á hægri akrein, og neitar vitnið því alveg, að þær hafi verið að forða sér frá bifreið, er þar kom. Vitnið og stefnandi voru á leið heim til sín og ætluðu að fara fótgangandi. Var því ekki um það að ræða, að þær væru að reyna að ná í leigubifreið.

Vitnið kveður þær stefnanda hafa verið komnar vel yfir miðja götuna, þegar gult ljós kom á götuvatinn á móti þeim. Á sömu stundu sá vitnið bifreið koma yfir gatnamótin á syðri akrein og stefna á þær. Vitninu fannst bifreiðin vera á mikilli ferð og varð ekki vart við það, að hún næmi staðar við gatnamótin. Vitnið kveðst hafa numið staðar, þegar það sá bifreiðina koma, en ekkert ráðrúm hafi verið til að hörfa frá henni, vegna þess hve hana bar skjótt að. Slysið varð eiginlega alveg á sömu stundu og vitnið kom auga á bifreiðina. Vitnið varð í þessu viðskila við stefnanda og vissi ekki um afdrif hennar fyrr en eftir slysið. Skipti nú engum togum, að það varð fyrir bifreiðinni og missti meðvitund. Vitnið getur ekki gert sér grein fyrir því, hvar það lenti á bifreiðinni. Vitnið kveður slysið hafa orðið alveg í þann mund, er gula merkið kom á götuvatinn á móti þeim.

Þegar vitnið kom til sjálfs sín, lá það um það bil á miðri akbrautinni, örstuttan spöl aftur af bifreiðinni R 10402. Kveðst vitnið hafa borizt með bifreiðinni frá gangbrautinni á þann stað, þar sem það lá eftir slysið, eða um 4 til 5 metra leið. Vitnið lá langsum á götunni og sneri höfuð þess upp á móti brekkunni, eða til austurs. Vitnið sá skó stefnanda fyrir ofan gangbrautina

og taldi þess vegna, að hún hefði sloppið frá bifreiðinni, unz maður kom til þess og sagði því, að hún lægi undir bifreiðinni.

Vitnið kveðst hafa verið í köflótttri vetrarkápu, dökkleitri með skinnkraga, sem það hafði brett upp. Það var með hvíta slæðu bundna um höfuðið og hvíta hanzka á höndum. Stefnandi var í dökkblárri regnkápu með brúnleita slæðu bundna yfir höfuðið og svarta hanzka á höndum. Þegar vitnið fór yfir götuna, var það með hægri höndina í kápuvasanum, en stefnandi hélt undir handlegg þess og leiddi það.

Vitnið kveðst hafa brotnað á baugfingri vinstri handar við slysið og marizt víðs vegar um líkamann.

Vitnið Ásta Björnsdóttir, Seljavegi 17, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að það hafi verið statt, þegar umrætt slys varð, á noraustur-horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis ásamt annarri konu. Voru þær að svipast um eftir leigubifreið. Umrædda nótt var mjög vont veður, rok og rigning. Lítil umferð var um götuna og sama og ekkert gangandi fólk á ferli.

Í þann mund, er umrætt slys varð, kveðst vitnið hafa horft niður eftir götunni, en konan, sem með því var, upp eftir. Vitnið kveðst hafa veitt tveimur konum athygli, sem gengu út akbrautina vestan gatnamótanna frá nyrðri gangstétt, sem næst frá verzluninni Regnboganum í Bankastræti, sem þá var norðan götunnar. Konurnar höfðu bundið klút yfir hárið og brett upp kápukragana. Gengu þær álútar á móti veðrinu, skáhallt yfir götuna upp á móti brekkunni. Konurnar voru að flýta sér, að því er virtist, en þær hlupu ekki. Rétt í þessu sá vitnið, hvar fólksbifreið kom niður Bankastræti. Voru konurnar þá komnar út á miðja götuna.

Konan, sem var með vitninu, tók eftir því, að farþegi var í aftursæti bifreiðarinnar, og töldu þær því þýðingarlaust að reyna að stöðva hana. Bifreiðinni var ekið frekar hægt, og telur vitnið, að henni hafi verið ekið fyrir neðan venjulegan innanborgarhraða. Vitnið hélt áfram að fylgjast með ferðum kvennanna og bifreiðarinnar og hugsaði með sér, að þarna mundu þær ná í leigubifreið. Vitninu virtist konurnar herða ferðina, þegar bifreiðin nálgast. Virtist því þær annað hvort ætla að ná í bifreiðina eða reyna að sleppa yfir götuna, áður en hana bæri að. Vitnið tók fram, að það hafi ekki veitt bifreiðinni nána athygli, fyrr en það sá, að hún var að sleppa yfir gatnamótin, og konurnar stefndu á móti henni.

Vitnið varð nú vart við það, að bifreiðinni var allt í einu

snarhemlað, þegar hún var komin vel yfir gangbrautina yfir Bankastræti vestan Ingólfsstrætis. Vitninu fannst konurnar eins og kastast á bifreiðina, enda var ofsarok. Strax og bifreiðinni var hemlað, hvarf önnur konan vitninu sjónum fyrir framan bifreiðina, en hin kastaðist aftur með henni í götuna. Virtist vitninu konurnar verða fyrir hægra framhorni hennar. Bifreiðin stöðvaðist, rétt í því að slysið varð. Vitnið hélt fyrst í stað að konan, sem varð undir bifreiðinni, hefði sloppið yfir götuna, en sá síðar, að svo var ekki.

Vitnið sá uppdráttinn af slysstaðnum og kvað, að hemlafarið, sem byrjar á miðjum gatnamótunum, hafi verið eftir bifreiðina.

Vitnið Óskar Guðjón Guðnason, Kirkjuteigi 11, hefur skýrt svo frá því fyrir sakadómi, að það hafi umrædda nótt verið á leið vestur Laugaveg í bifreið sinni. Vitnið varð vart við bifreiðina R 10402, þegar hún kom inn á Laugaveg nokkuð ofarlega úr þvergötu, en hvaða þvergata það var, kveðst vitnið ekki muna fyrir víst. Bifreiðinni R 10402 var ekið á undan bifreið vitnisins niður Laugaveg að gatnamótum Klapparstígs. Þegar þangað kom, var rautt ljós á götuvatunum á móti bifreiðunum. Nam bifreiðin R 10402 staðar á vinstri akrein, en vitnið nam staðar á hægri akrein.

Vitnið kveðst hafa ekið hægt og hið sama hafi ökumaður R 10402 gert. Þegar grænt ljóssmerki kom á götuvatana á gatnamótunum, óku vitnið og ökumaður R 10402 áfram yfir gatnamótin. Var vitnið aðeins á undan og færði bifreið sína yfir á vinstri akrein skammt vestan gatnamótanna. Þegar vitnið kom á móts við gatnamót Bergstaðastrætis, fór það aftur yfir á hægri akrein. Vitnið ók nú áfram, og þegar það var komið á móts við Laugaveg 11, sá það, að gult ljós var á götuvatunum við gatnamót Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis. Þegar vitnið kom að gatnamótunum, var komið grænt ljós, og ók það því yfir þau á hægri akrein.

Vitnið kveðst hafa séð, að ökumaður bifreiðarinnar R 10402 hægði á sér við gatnamótin, og gerði vitnið það einnig. Vitnið ók nú samsíða bifreiðinni R 10402 niður að gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Á þessum vegarkafli var vitnið búíð að skipta niður í annan gir, og var hraðinn eitthvað á milli 25—30 km. Hefur því bifreiðinni R 10402 verið ekið með svipuðum hraða. Þegar vitnið nálgaðist Ingólfsstræti, en það var á hægri akrein, var Dodge-fólksbifreið á undan því. Bifreið þessari var ekið mjög hægt, og varð vitnið því að draga úr ferðinni. Engin

bifreið var á undan bifreiðinni R 10402, og gat ökumaður því haldið áfram með sama hraða.

Þegar bifreiðin, sem var á undan því, var að fara vestur af gatnamótunum, sá vitnið, að bifreiðin R 10402 var komin á hlið við hana. Vitnið veitti nú bifreiðinni R 10402 ekki athygli um sinn, heldur Dodge-bifreiðinni. Þegar Dodge-bifreiðin var komin yfir gangbrautina neðan við Ingólfsstræti og vitnið var að komast að gangbrautinni, sá það allt í einu konu kastast út á miðja götuna frá vinstri akrein rétt aftan við Dodge-bifreiðina. Dodge-bifreiðinni var ekið áfram niður á móts við verzlunina Regnbogann, en þar nam hún staðar. Vitnið taldi, að konan hefði dottið í götuna. Sveigði það því upp að gangstétt norðan megin götunnar og nam staðar fyrir framan verzlunina Málarann. Vitnið tók eftir því, að bifreiðin R 10402 hafði numið staðar á vinstri akrein og heyrði ökumanninn kalla á lögreglu og sjúkralið í talstöð bifreiðarinnar.

Vitnið sá, að ökumaður R 10402 fór til konunnar, þar sem hún lá næstum á miðri götu skammt fyrir aftan bifreiðina.

Rétt í þessu kallaði einhver upp, að kona lægi undir bifreiðinni, og kom vitnið þá auga á hana. Konan lá langsum undir bifreiðinni, lítið eitt á ská, þannig að hægri öxl hennar nam við innanvert vinstra framhjól. Konan lá á bakinu, og var höfuð hennar á móts við framhöggvara. Vitnið gat ekki séð, að konan væri föst undir bifreiðinni. Vitnið veitti því athygli, að blæddi úr vitum konunnar.

Vitnið kveður vinstra framhjól bifreiðarinnar R 10402 hafa verið fast upp við gangstéttarbrúnina, en afturhjólið var aðeins laust frá gangstéttarbrúninni. Virtist bifreiðin samkvæmt því hafa sveigt aðeins til vinstri, um leið og slysið varð. Þegar vitninu var sýndur uppdráttur af slysstaðnum, skýrði það frá því, að bifreiðin R 10402 og umrædd Dodge-bifreið hefðu verið allt að því samsíða yfir gatnamótin.

Vitnið sá ekki til ferða kvenna þeirra, sem urðu fyrir bifreiðinni R 10402, en gæti ímyndað sér, að þær hafi verið að flýta sér yfir götuna frá Dodge-bifreiðinni og öll athygli þeirra beint að henni. Hafi þær því ekki tekið eftir bifreiðinni R 10402 fyrr en um seinan.

Vitnið kveður Dodge-bifreiðinni hafa verið ekið burt af staðnum í þann mund, er lögreglan kom þangað.

Vitnið kveður það ekki útilokað, að hemlafarið á gatnamót-

unum, er að framan greinir, geti verið eftir bifreiðina R 10402, en kveðst annars ekkert geta um það staðhæft.

Vitnið Sigurður Ingi Tómasson, Álfheimum 50 hér í borg, hefur skýrt frá því fyrir sakadómi, að það hafi verið á gangi á Skólavörðustíg umrædda nótt ásamt pilti og stúlku. Rok var og rigning og frekar fátt fólk á ferli. Á móts við verzlunina Pfaff í götunni stöðvuðu þau fólksbifreið af Dodge-gerð frá bifreiðastöðinni Hreyfli. Fóru þau upp í bifreiðina. Settist vitnið í aftursæti, en pilturinn og stúlkan í framsæti. Bifreiðinni var síðan ekið á hægri akrein af Skólavörðustíg vestur Bankastræti að gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Þegar þangað kom, var rautt ljós á götuvitanum, sem bannaði umferð yfir gatnamótin. Nam bifreiðarstjórinn þar staðar og beið eftir grænu ljósi. Þegar það kom, ók hann inn á gatnamótin og yfir þau. Vitnið kveðst í þessu hafa orðið vart við bifreið á vinstri akrein. Var hún næstum komin yfir gatnamótin og var 1—2 bifreiðarlengdum á eftir bifreiðinni, sem það var í.

Vitnið kveðst alveg öruggt um það, að báðum bifreiðunum á eftir var ekið yfir nefnd gatnamót á grænu ljósi. Rétt í þessu veitti vitnið athygli konu, sem kom áleiðis suður yfir Bankastræti fyrir aftan bifreið þá, sem það var í. Vitnið sá ekki nema eina konu og vissi ekki, að konurnar höfðu verið tvær, sem lentu í slysinu, fyrr en á eftir. Konan var á móts við miðja hægri hlið bifreiðarinnar, þegar vitnið kom auga á hana. Vitnið kveður ekki geta verið annað, sbr. það, sem áður greinir, en að rautt ljós hafi verið á götuvitanum, sem blasti við konunum og bannaði umferð yfir götuna.

Rétt í því að bifreið sú, sem vitnið var í, var komin fram hjá konunni, heyrði það hemlahljóð að því fannst frá bifreið þeirri, sem var á vinstri akrein rétt aftan við bifreið vitnisins. Vitnið getur ekki sagt um það, hve langt umrædd bifreið var komin, þegar það heyrði hemlahljóð frá henni. Rétt í því sá vitnið konu kastast frá bifreiðinni út á götuna. Vitnið sá ekki konu þá, sem varð undir bifreiðinni R 10402, fyrr en það kom að bifreiðinni eftir slysið. Konan lá þá undir bifreiðinni. Bifreið sú, sem vitnið var farþegi í, var stöðvuð rétt fyrir vestan bifreiðina R 10402. Ökumaðurinn fór ekki út úr bifreiðinni, heldur aðeins vitnið og fólk það, er með því var. Þegar vitnið fór að huga að bifreiðinni eftir stutta stund, var hún farin á brott.

Vitnið kveðst telja sennilegt, að bifreið sú, sem það var í, hafi skyggt á bifreiðina R 10402, þannig að ökumaðurinn hafi

ekki orðið kvennanna var og þær ekki séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en orðið var um seinan að forða slysinu. Vitnið kveður konu þá, er það sá, hafa komið út á götuna á milli bifreiða. Hún gekk, en hljóp ekki. Vitninu fannst konan ganga frekar hratt. Vitnið tekur fram, að það hafi ekki veitt konunni athygli, fyrr en það heyrði hemlahljóð frá bifreiðinni og sá konuna kastast frá bifreiðinni og falla í götuna.

Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um það, hvort hemlafarið á gatnamótunum sé eftir bifreiðina R 10402.

Vitnig Magnús Gunnar Magnússon lögregluþjónn kveður öku-mann stefnda og vitnið Sigurð Inga Tómasson hafa báða skýrt sér frá því, að konur þær, sem urðu fyrir bifreiðinni R 10402 í umrætt skipti, hafi báðar hlaupið fyrir bifreiðina. Vitnið man sérstaklega eftir því, að Sigurður Ingi skýrði því frá þessu niðri á lögreglustöð skömmu eftir slysið.

Suðaustan rok og rigning var nóttina, sem slysið varð, og skyggni mjög slæmt. Vitnið kveðst ekki muna um það, hvort rúður bifreiðarinnar R 10402 hafi verið óhreinar.

Vitnið kveðst ekki geta staðhæft neitt um það, hvort hemlafarið á gatnamótunum sé eftir bifreiðina R 10402.

Vitnið Þorsteinn Alfreðsson lögregluþjónn, Suðurbraut 3, Kópavogi, kveður hemlafarið á gatnamótunum geta hafa verið eftir bifreiðina R 10402, en um það sé ekkert hægt að fullyrða.

Önnur hemlaför, sem sýnd eru á uppdrættinum, voru nokkurn veginn örugglega eftir bifreiðina R 10402.

Vitnið kveður hafa verið búíð að flytja konu þá, sem minna slasaðist, á brott af slysstaðnum, þegar mælingin var gerð á honum. Fólk á staðnum gaf vitninu upplýsingar um það, hvar konan hefði legið að slysinu afstöðnu, og merkti vitnið staðinn á uppdráttinn skv. tilvísun þess.

Vitnið Júlíus Bernburg bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina R 10402. Vitnið kveður rúður bifreiðarinnar hafa verið blautar, enda hafi verið úrhellisrigning. Vitnið staðhæfir, að rúðurnar hafi einnig verið óhreinar, en ekki það mikið, að það hafi birt út-sýn út úr bifreiðinni.

Hafa nú verið rakin í megindráttum þau atriði, sem fram hafa komið við rannsókn málsins.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að umrætt slys verði með engu móti rakið til óaðgæzlu hennar og beri stefnda samkv. almennum skaðabótareglum og gildandi umferðarlögum sem eigandi bifreiðarinnar, sem slysinu olli, að bæta stefnanda

að fullu það tjón, sem rekja má til slyssins og afleiðinga þess. Bifreiðarstjórinn á R 10402 hafi ekið hraðar en allar aðstæður leyfðu og ekki sýnt af sér þá aðgæzlu, sem krefjast þurfi, þegar ekið er í slæmu skyggni og náttmyrkri. Beri því bifreiðarstjórinn alla ábyrgð á slysinu, en sú ábyrgð færist yfir á eiganda bifreiðarinnar, stefnda í málinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að tekizt hafi að upplýsa við opinbera rannsókn málsins, að stefnandi eigi ein alla sök á slysinu og verði því samkv. almennum réttarreglum að bera tjón sitt sjálf. Ökumaður stefnda hafi ekið á löglegri ferð á móti grænu ljósi á gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Fullsannað sé, að stefnandi hafi ásamt konu þeirri, sem með henni var, hlaupið skáhallt suður yfir Bankastræti ca. 10—12 m neðan við gatnamótin og í veg fyrir bifreiðina. Með því hafi stefnandi sýnt það gáleysi, að hún verði sjálf að bera tjón sitt. Jafnvel þótt svo verði litið á, að skaðabótaskylda sé fyrir hendi, beri að skipta sök í málinu og þar sem stefnandi sé búin að fá greiddar hjá Vátryggingafélaginu kr. 472.425.00, hafi hún þegar hlotið fullar bætur.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er ósannað gegn eindregnum mótmælum ökumanns stefnda, að hemlaför þau, sem merkt eru H á dskj. nr. 5, séu eftir bifreið stefnda. Hins vegar hefur rannsóknin leitt í ljós, að ökumaður stefnda ók eftir einni af aðalumferðargötum borgarinnar við mjög erfið akstursskilyrði, þ. e. í myrkri, rigningu og roki. Var því sérstök og brýn ástæða fyrir hann að sýna ýtrustu aðgæzlu.

Honum bar að stilla ökuhraðanum í fyllsta hóf og beina athygli sinni ekki einungis framundan bifreiðinni, heldur og til beggja hliða. Sýnt er, að athygli hans hefur ekki verið nógu vökul, þar sem hann sér ekki til ferða stefnanda og konu þeirrar, sem með henni var, fyrr en alveg í þann mund, er þær voru við hæggra framhorn bifreiðarinnar. En þá var komið í slíkt óefni, að ekkert ráðrúm gafst til neinna þeirra viðbragða af hans hendi, er firrt gátu því, að slys yrði.

Hins vegar á stefnandi einnig sök á slysinu. Sú fullyrðing Oddnýjar Eyleifsdóttur, að hún og stefnandi hafi gengið áleiðis yfir Bankastræti milli hinnar afmörkuðu gangbrautar neðan Ingólfsstrætis, fær ekki staðizt, því að sú staðhæfing gengur ekki aðeins í berhöggi við frásagnir annarra, sem um atvik hafa borið, heldur samrýmist hún engan veginn ummerkjum á slysstaðnum, eins og þau eru sýnd á uppdrætti lögreglunnar, sem fljótt kom

á vettvang, og ekki hefur verið vefengt, að uppdrátturinn sé réttur. Það verður ekki annað séð en að stefnandi hafi verið kominn nokkurn spöl niður eftir Bankastræti, er hún lagði af stað áleiðis yfir það.

Hún hefur, eftir því sem best verður séð, hraðað sér áleiðis yfir götuna án þess að beina athygli sinni að umferðinni, sem steðjaði að niður Bankastræti. Þetta framferði hennar var mjög óvarlegt, eins og allar aðstæður voru, og má rekja orsakir slyssins að verulegu leyti til þessa gáleysis hennar.

Þegar öll atriði málsins, sem hér að framan hafa verið rakin, eru höfð í huga, þykir rétt, að stefnandi beri sjálf tjón sitt að $\frac{1}{2}$ hlutum, en stefndi bæti henni með fébótum tjón hennar að $\frac{1}{2}$ hlutum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Atvinnutjón vegna örorku	kr. 791.271.00
2. Útreikningur örorkutjóns	— 1.200.00
3. Þjáningar, lýti og óþægindi	— 300.000.00

Alls kr. 1.092.471.00

Þar frá dragast áðurgreindar bætur, kr. 472.425.00.

Skulu nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um lið 1. Strax eftir slysið var stefnandi flutt á slysavarðstofuna, en þar var ekkert við henni hreyft og hún flutt þegar í stað á Landspítalann. Um ástand hennar þá segir prófessor Snorri Hallgrímsson í vottorði, dags. 8. janúar 1963:

„Við komuna var konan meðvitundarlaus. Blóðþrýstingur sem næst eðlilegur, en öndun dálítið hryglukennd. Hún hreyfði útlími, en hreyfði áberandi minna útlími hægra megin, blóð vætlaði úr nefi, en engin blæðing á eyrum. Þá var merki um áverka á höfði hægra megin. Ennfremur reyndist hægra viðbein brotið. Mar var á hægra olnboga og allmikið mar á hnjám og fótleggjum. Föt konunnar voru óhrein og rifin. Röntgenskoðun af höfði leiddi í ljós meiri háttar brot á höfuðkúpu hægra megin. Þá sýndi röntgenskoðun af hægra viðbeini þverbrot á miðju beininu, og voru beinendar allmikið úr lagi færðir.

Nokkru eftir komuna kastaði sjúklingurinn upp hálfum líter af blóðlituðu magainnihaldi.

Sjúkdómsgreining deildarinnar var:

Mar á heila.

Brot á höfuðkúpu.

Brot á viðbeini.

Fyrstu dagana eftir komuna á deildina var konan þungt haldin, var djúpt meðvitundarlaus og því nærð með vökvagjöf í æð. Ástandið fór smám saman heldur skánandi, og hálfum mánuði eftir komuna var byrjað að næra hana með hjálp magaslöngu, og var það gert þar til 29/10 1962. Um það leyti var hún komin það mikið til meðvitundar, að hún var farin að fylgjast lítils háttar með því, sem gerðist í kringum hana, og var byrjuð að gera tilraunir til að tala, en gat þó ekki gert sig skiljanlega. Bati var áframhaldandi hægur. Síðast í nóvember byrjaði hún að hafa fótavist. Hún var fyrst í stað mjög reikul og gat lengi vel ekki gengið án stuðnings, en við brottförina af sjúkrahúsinu þann 21/12 1962 var gangur orðinn sæmilega eðlilegur, og gat hún orðið gengið ein síns liðs. Hún var þá farin að tala, en ruglaði oft mikið og var öðru hverju nokkuð óróleg.

Andlegt ástand hennar var enn mjög bágborið. Hún mundi ekkert eftir því, sem fyrir hana hafði komið, og mun við brottförina varla hafa gert sér grein fyrir stað og stund. Líkamlega virtist hún hins vegar vera orðin vel hress.“

Í vottorði Kjartans R. Guðmundssonar læknis, dags. 29/1 1963, segir svo:

„Ég hef í dag skoðað Jódísi Björgvinsdóttur, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, f. 21. 10. 1932, vegna afleiðinga eftir slys, sem hún varð fyrir þ. 23. 9. 1962. Hún fékk mikið höfuðhögg og höfuðkúpubrot og viðbeinsbrot. Hún fékk og heilamar, og mænuvökvi var alblóðugur, og það var strax lömun á andliti h. m. og h. útlimum. Hún lá lengi í meðvitundarleysi.

Móðir sjúklingsins segir hana næstum fullkomlega hjálparlausa sem barn. Hún er ýmist sljó og starir út í bláinn eða talar samhengislaust. Hún les ekkert. Það verður oftast að mata hana, og hún er varla hreinleg, nema hennar sé vel gætt. Hún kvartar stundum um höfuðverk. Stundum fær hún grátköst. Hún áttar sig ekki á stað né stund.

Skoðun: Hún er fremur óróleg og spyr oft um það sama. Skoðun er erfið, vegna þess hve erfitt er að komast í samband við hana. Báðar papillur eru fólur, og einkum virðist sú h. atrofisk. Pupillur eru jafnar og svara eðlilega. Aðrar heilataugar virðast eðlilegar. Það virðist létt paresa á h. efra extr. Sinaviðbrögð eru mjög lífleg, en jöfn. Það er ekki Babinski. Það er nokkur ataxia við fingurnef og hælhnépróf. Gangur er nokkuð reikandi og breiðspora.

Álit: Sjúklingur hefur post-traumatískan demens á háu stigi,

og er sennilega um heilaryrnun að ræða. Það er líklegt, að ástand hennar muni haldast óbreytt. Það er varla hægt að álykta, að graviditas hennar muni hafa áhrif á andlegt ástand hennar til hins verra.“

Með hliðsjón af ofangreindum vottorðum og eftir viðtali við Kjartan R. Guðmundsson um einstök atriði, sem ekki voru nægilega upplýst í vottorðunum, hefur Þórarinn Sveinsson læknir metið örorku stefnanda 100%, sbr. dskj. nr. 9. Samkvæmt vottorði Halldórs Hansens, dags. 20/11 1965, er andlegt og líkamlegt ástand stefnanda óbreytt. Læknirinn upplýsir, að Skúli Thorodd-sen augnlæknir telji stefnanda hafa orðið blindi á hægra auga eftir slysið.

Á grundvelli örorkumats Þórarins Sveinssonar hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningi tryggingafræðingsins segir svo:

„Jódís Björvindóttir varð fyrir bíl 21. september 1963. Hlaut hún af því svo alvarleg meiðsli, að Þórarinn Sveinsson læknir segir í bréfi til yðar, dags. 2. 4. 1963: „... að um 100% örorku er að ræða fram að þessu, og ekki er talið, að um frekari bata hjá henni verði að ræða.“

Jódís er sögð fædd 21. október 1932 og hefur því verið 29 ára, er slysið varð.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum hennar árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hennar undanfarin ár verið:

Árið 1960	kr. 39.840.00
— 1961	— 43.026.00
— 1962	— 36.813.00 í 9 mánuði.

Þessar tekjur svara nákvæmlega til hámarkstekna kvenna samkvæmt Iðjutaxta, þegar einungis er unnin dagvinna. Hún hefur aflað þessara tekna hjá þvottahúsinu, Bergstaðastræti 52. Eigandi þvottahússins, Adolph Smith, vottar, að kaup hennar 1963, hefði hún unnið þar áfram, hefði orðið kr. 58.224.00, sem er einnig Iðjutaxtalaun án eftirvinnu. Það liggur því beint fyrir að áætla henni framtíðartekjur samkvæmt þessu.

Í næstu töflu er sýnd slík vinnutekjuáætlun, og er tekið tillit til reglna launajöfnunarnefndar um hækkun á kvennakaupi til samræmis við karlakaup.

Áætlaðar vinnutekjur
og vinnutekjutap:

1. árið eftir slysið kr. 56.724.00
2. — — — — 60.024.00

3. árið eftir slysið	kr. 62.466.00
4. — — —	— 64.890.00
5. — — —	— 67.314.00
Síðan árlega	— 67.314.00

Þar eð hún hefur misst alla starfsorku sína, er þetta einnig vinnutekjutapið. Verðmæti þess reiknast mér nema á slysdegi kr. 791.271.00.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Sökum kauphækkana síðustu ár þótti rétt að tryggingafræðingurinn gerði nýjan útreikning á glötuðum vinnutekjum stefnanda. Í síðari útreikningi hans, dags. 24/11 1965, segir tryggingafræðingurinn:

„Samkvæmt beiðni yðar hef ég endurreiknað örorkutjón Jódísar Björgvinsdóttur og tekið tillit til launahækkana, vaxtalækkunar, sem varð um síðustu áramót, og nýrra upplýsinga um dánartíðni. Fyrri útreikningur minn var gerður 23. apríl 1963.

Áætlaðar vinnutekjur hennar og vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir hámarkstekjum kvenna samkvæmt Iðjutaxta án eftirvinnu, verður sem hér segir:

Áætlaðar vinnutekjur
og vinnutekjutap:

1. árið eftir slysið	kr. 57.736.00
2. — — —	— 72.275.00
3. — — —	— 83.420.00
4. — — —	— 93.735.00
5. — — —	— 97.672.00
Síðan árlega	— 98.652.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi kr. 1.315.688.00.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a. frá slysdegi til 31/12 1964 og síðan 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Hann hefur bent á, að bætur samkvæmt lið þessum séu undanþegnar opinberum gjöldum og það hagræði, sem stefnanda sé í því að fá þær greiddar í eitt skipti fyrir öll.

Við ákvörðun bóta þessara þykir mega að meginstefnu til

leggja til grundvallar útreikninga tryggingafræðingsins miðað við tekjur kvenna samkv. Iðjutaxta.

Þegar síðari útreikningur tryggingafræðingsins og röksemdir stefnda til lækkunar eru hafðar í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 791.271.00.

Um lið 2. Þessum lið hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina.

Um lið 3. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum. Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda. Þegar litið er til þeirra þrauta og þjáninga, sem stefnandi hefur mátt þola af völdum slyssins, þykja bætur henni til handa samkv. þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 250.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að tjón stefnanda af völdum slyssins verður samkv. framansögðu kr. 791.271.00 + 11.200.00 + 250.000.00, eða samtals kr. 1.042.471.00. Þar af ber að dæma stefnda til að greiða $\frac{1}{2}$ hluta, eða kr. 416.988.40. Samkvæmt stefnu ber að draga þar frá greitt vátryggingarfé, kr. 472.425.00. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 1964, fékk stefnandi gjafsóknarleyfi, en stefndi með bréfi sama ráðuneytis 2. apríl 1965.

Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum talsmanni stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 37.000.00, þar með talinn útlagður kostnaður. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði og þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jódísar Björgvinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talsmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 37.000.00, og talsmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.